

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Byggðastofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. maí 2016 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,46 kr. á lítra
Gasolía	0,73 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,15 kr. á kg
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,10 kr. á lítra
Flugvélabensín	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingar aðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórin í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 1175/2014.

Byggðastofnun, 20. apríl 2016.

Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri.

Elín Gróa Karlsdóttir,
formaður stjórnar
Flutningsjöfnunar-
sjóðs olíuvara.

B-deild – Útgáfud.: 22. apríl 2016